



Glitnir banki hf.

Kröfuhafafundur

6. febrúar 2009

Fyrirvari

The logo for Glitnir, featuring the word "GLITNIR" in white, uppercase letters on a red rectangular background. A white wavy line is positioned below the text.

Þessi kynning hefur verið útbúin fyrir kröfuhafa Glitnis Banka hf. (“Gamla Glitnis”). Henni er ætlað að gefa kröfuhöfum bankans yfirlit yfir aðgerðir sem þegar hefur verið gripið til, núverandi stöðu og möguleg næstu skref. Þessi kynning er ekki gerð með hagsmuna einstakra kröfuhafa í huga.

Þar sem upplýsingar eru fengnar frá þriðja aðila, s.s. Fjármálaeftirlitinu, og er því treyst að þær séu áreiðanlegar. Glitnir getur samt ekki tryggt að þær upplýsingar séu réttar og getur því ekki tekið neina ábyrgð á þeim upplýsingum. Glitni ber ekki skylda til að gera breytingar eða lagfæringar á þessu skjali ef rangfærslur finnast eða ályktanir eða upplýsingar breytast.

Öll notkun á efni, vinnu eða vörumerki Glitnis er bönnuð nema með skriflegu leyfi. Enn fremur er bannað að birta efni sem gert er hjá eða safnað saman af Glitni án skriflegs leyfis.

Yfirlit eigna og skulda í þessari kynningu er útdráttur úr Yfirliti og eigna og skulda sem dreift hefur verið til kröfuhafa á prenti. Takmarkanir og óvissa sem settar eru fram í útprentuninni eru mikilvægur þáttur í þeirri skýrslu.



Inngangur og kynning á starfsemi Glitnis fyrir hrun bankakerfis

1. Inngangur og kynning á starfsemi Glitnis fyrir hrun bankakerfis

2. Atburðir til dagsins í dag

3. Yfirlit eigna og skulda

4. Ákvarðanir á greiðslustöðvunartímabilinu

5. Framtíðarstefnumörkum

6. Næstu skref

7. Fyrirspurnir

Kynning

Aðstoðarmaður skuldara á greiðslustöðvunartímabili og skilanefndin

Aðstoðarmaður skuldara

- Steinunn Guðbjartsdóttir hæstaréttarlögmaður er aðstoðarmaður skuldara Glitnis banka hf. á greiðslustöðvunartímabilinu.
- Steinunn rekur eigin lögmannsstofu í Reykjavík. Hún er jafnframt kennari í skuldaskilarétti í Háskólanum í Reykjavík.

Skilanefndin

- Nefndarmenn í skilanefndinni voru valdir úr röðum sérfræðinga í viðskiptum, lögfræði og endurskoðun.
- Nefndarmenn eru:
 - Árni Tómasson (formaður) – endurskoðandi,
 - Heimir Haraldsson – endurskoðandi,
 - Erla Árnadóttir– hæstaréttarlögmaður,
 - Kristján Óskarsson – rekstrarhagfræðingur og
 - Þórdís Bjarnadóttir – héraðsdómslögmaður.

Hlutverk skilanefndarinnar

- Skilanefnd Glitnis var tilnefnd af FME 8. október 2008 samkvæmt lögum nr. 125/2008 um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl.
- Þann dag tók skilanefndin yfir vald stjórnar Glitnis banka hf. samkvæmt lögum um hlutafélög auk yfirumsjónar með eignum og rekstri félagsins.

Starfsemi Glitnis fyrir hrun bankakerfis

Norrænn banki með alþjóðlega starfsemi

GLITNIR

Ísland – Alþjóðlegur banki

- 49% af hreinum rekstrartekjum samstæðunnar koma frá Íslandi
- Bankinn hafði 20-35% markaðshlutdeild á mismunandi sviðum.

Norðurlöndin – Fyrirtækjabankei


- 26% af tekjum samstæðunnar koma frá Norðurlöndunum
- Aðalstarfsemin var fjármagnsmarkaðir, fjármögnun fyrirtækja, eignastýring
- Veruleg innlán

Alþjóðasvið – Leiðandi afl í ákveðnum starfsgreinum

- 15% af hreinum rekstrartekjum samstæðunnar komu frá Alþjóðasviði
- 50% af 100 stærstu sjávarútvegsfélögum voru viðskiptavinir
- Hafði viðskiptasambönd við félög sem standa fyrir 10% af nýtingu jarðvarma í heiminum.

Þjónusta við Norðurlöndin og starfsgreinar á alþjóðavísu

Viðskiptabankasvið Fjárfestingabankasvið Markaðsviðskipti Eignastýring




- SKRIFSTOFUR GLITNIS
- SJÁVARÚTVEGUR
- ENDURNÝTANLEG ORKA
- ÞJÓNUSTA VIÐ OLÍU- OG SKIPAÐNAÐ

Starfsemi Glitnis fyrir hrun bankakerfis


Innlenda starfsemin var stærsti hluti útlána og hagnaðar bankans

GLITNIR


Skipting rekstrartekna
eftir tegundum 1H 2008




Rekstrartekjur
eftir landsvæðum 1H 2008



Útlán
flokkuð eftir atvinnugreinum 30. júní 2008



Útlán
Flokkuð eftir löndum 30. júní 2008





Atburðir til dagsins í dag

1. Inngangur og kynning á starfsemi Glitnis fyrir hrun bankakerfis

2. Atburðir til dagsins í dag

3. Yfirlit eigna og skulda

4. Ákvarðanir á greiðslustöðvunartímabilinu

5. Framtíðarstefnumörkum

6. Næstu skref

7. Fyrirspurnir

Bakgrunnur og nýlegir atburðir

Ástæða fyrir ákvörðunum stjórnvalda og FME

- Lausafjárstaða íslensku bankana versnaði verulega í lok september 2008 þegar lánamarkaður á milli banka stöðvaðist og fjármálastofnanir hættu að lána sín á milli. Þetta ástand versnaði svo enn frekar með falli Lehman Brothers bankans.
- Lokun á lánalínum fylgdi í kjölfarið ásamt aukinni kröfu á fyrirframgreiðslum og tryggingum.

29. september – 6. október 2008

- Yfirvöld tilkynna um 600 m EUR hlutafjárukningu í Glitni og þar með 75% eignaraðild í bankanum..
- S&P, Moody's og Fitch lækka lánshæfismat íslenska ríkisins, Glitnis og Kaupþings.
- Viðskiptum með hlutabréf í Glitni banka hf. eru stöðvuð.
- Alþingi samþykkir lög nr. 125/2008. Helstu atriði:
 - FME er heimilað að taka yfir stjórn fjármálafyrirtækja sem eru í greiðsluferfiðleikum,
 - Hægt er að skipa skilanefndir til að stjórna fjármálafyrirtækjum í greiðsluferfiðleikum,
 - Ekki er hægt að krefjast gjaldprotaskipta á félögum sem falla undir ákvæði lagana,
 - Heimild til að skipta bönkunum í Gamlan og Nýjan banka og
 - Heimild til að meðhöndla tiltekin innlán sem forgangskröfur.

7. – 8. október 2008

- FME yfirtekur stjórn á Glitni í samræmi við neyðarlögin.
- Stjórnvöld í Bretlandi frysta ákveðnar eignir Kaupþings og Landsbanka í Bretlandi.
- S&P, Moody's og Fitch lækka frekar lánshæfismat íslenska ríkisins, Glitnis, Landsbankans og Kaupþings.

9. -14. október 2008

- S&P lækkar lánshæfismat Glitnis í D.
- Seðlabankinn tilkynnir reglur til að takmarka útstreymi fjármagns.
- Glitni banka hf. er skipt í Gamla Glitni og Nýja Glitni.

Bakgrunnur og nýlegir atburðir

Ástæður aðgerða stjórnvalda

The logo for GLITNIR, featuring the word "GLITNIR" in white capital letters on a red rectangular background. A white wavy line is positioned below the text.

- Íslensk stjórnvöld mátu stöðuna 4. – 5. október.
- Heildareignir Glitnis, Landsbanka og Kaupþings fyrir hrun voru u.þ.b. m.a. EUR 110. Heildar landsframleiðsla Íslands var u.þ.b. m.a. EUR 14.7. Þetta gerði það að verkum að íslenska ríkið hafði ekki bolmagn til að styðja við bankana og veita þeim nægar tryggingar.
- Neyðarlögin sem sett voru 6. október 2008 heimiluðu íslenskum stjórnvöldum:
 - yfirtöku á bönkum í greiðsluferfiðleikum og
 - takmarka eða banna ráðstöfun fjármuna og eigna fjármálafyrirtækis.
- Þar sem ómögulegt var fyrir íslensk stjórnvöld að grípa inn í með sama hætti og stjórnvöld annarra landa gátu voru neyðarlögin sett til að lágmarka tap kröfuhafa.
- Ef ekki hefði verið gripið til þessara aðgerða hefði mátt búast við hruni íslenska fjármálakerfisins. Það hefði þannig leitt til enn meiri taps fyrir alla hlutaðeigandi aðila.

Bakgrunnur og nýlegir atburðir

Aðskilnaður Nýja og Gamla Glitnis



- Samkvæmt neyðarlögum (lög. nr. 25/1998 um heimild til fjárveitnigar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði) hefur FME aðskilið innlenda starfsemi bankans og fært yfir í Nýja Glitni banka.
- FME ákvað hvaða eignir og skuldir voru færðar yfir í Nýja Glitni. Ákvörðun FME hefur verið birt á vef FME.
- Innlend innlán voru færð til Nýja Glitnis, ásamt ákveðnum eignum (aðallega innlend lán til fyrirtækja og einstaklinga)
- Samkvæmt ákvörðun FME skal Gamli Glitnir, og þar með kröfuhafar hans, fá sem greiðslu skuldabréf eða annan fjármálagjörning sem endurgjald fyrir mismun eigna og skulda sem færðar eru yfir í Nýja Glitni.

Bakgrunnur og nýlegir atburðir

Skuldabréf Nýja Glitnis / hugleiðingar um eignarhald

GLITNIR

Upphafleg ákvörðun FME

	Eignir	Skuldir
Bókfært virði eigna sem voru færðar yfir	Virðisrýrnun	Mögulegt viðbótar-endurgjald frá ríkinu
Aðlagð raunvirði		110 m.a. ISK
Upphaflegt raunvirði	776 m.a. ISK	Skuldabréf Gamla Glitnis 422 m.a. ISK Innlánseigendur 354 m.a. ISK

- Í samræmi við ákvörðun FME átti Nýi Glitnir að gefa út skuldabréf til Gamla Glitnis.
- Skuldabréfið átti að jafngilda því sem munaði á raunvirði eigna og skulda Nýja Glitnis.
- Íslenska ríkið ætlaði að leggja fram fé til Nýja Glitnis til að bæta lausafjárstöðu.
- Meðfylgjandi tafla sýnir bráðabirgðauppþæðir sem birtar voru af FME þann 14. nóvember 2008.
- Uppþæðir eru ekki endanlegar og líklegt að endanleg niðurstaða verði verulega frábrugðin.

- Skilanefndin hefur orðið vör við óánægju ýmissa kröfuhafa með ákvörðun FME. Kröfuhafar óttast að verðmatið endurspegli ekki raunverulegt virði Nýja Glitnis.
- Skilanefndin hefur ráðið UBS sem fjármálaráðgjafa til aðstoðar í viðræðum við FME og íslensk stjórnvöld til að tryggja hagsmuni kröfuhafa í þessu sambandi og kanna aðrar mögulegar leiðir til uppgjors.

Greiðslustöðvunarferlið

Yfirlit yfir stöðu og tímasetningu atburða

- Helstu atriði sem leiddu til greiðslustöðvunar Glitnis:
 - **13. nóvember 2008** Breytingar á lögum um greiðslustöðvun fjármálafyrirtækja
 - **21. nóvember 2008** Skilanefnd Glitnis sækir um greiðslustöðvun
 - **24. nóvember 2008** Héraðsdómur Reykjavíkur veitir Glitni greiðslustöðvun

Rökstuðningur fyrir greiðslustöðvun

- Veitir Glitni vernd gegn aðför.
- Veitir Glitni vernd erlendis. Greiðslustöðvunin er viðurkennd í löndum EES. Þar að auki var Glitni veitt viðurkenning á greiðslustöðvuninni skv. 15. kafla bandarísku gjaldþrotalaganna þann 6. janúar 2009.
- Greiðslustöðvun gefur Glitni tíma til að skipuleggja og framfylgja áætlun um sölu eigna, og þar með hámarka endurgreiðslu til kröfuhafa bankans.
- Greiðslustöðvun er nauðsynleg til að tryggja réttláta meðferð allra kröfuhafa samkvæmt íslenskum og alþjóðlegum lögum, í samræmi við réttarstöðu krafna.

Greiðslustöðvunarferlið

Tímasetningar

GLITNIR



- Við þinghald í Héraðsdómi þann 13. febrúar 2009 mun aðstoðarmaður skuldara fara fram á áframhaldandi greiðslustöðvun í níu mánuði.

Greiðslustöðvun

Lögin, hlutverk aðstoðarmanns og skilanevndar

- Þrátt fyrir að Glitnir banki hafi fengið heimild til greiðslustöðvunar heyrir stjórn hans undir yfirstjórn FME samkvæmt neyðarlögunum (lög 125/2008 um heimild um fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaðii). Framkvæmd greiðslustöðvunar fer eftir lögum um gjaldþrotaskipti. Héraðsdómur getur fellt niður heimild til greiðslustöðvunar fylgi bankinn ekki reglum laganna.
- Á meðan Glitnir er í greiðslustöðvun er greiðsla á kröfum, sala á eignum og stofnun skuldbindinga háð samþykki aðstoðarmanns og því að skilyrðum gjaldþrotalaga sé fullnægt.
- Eingöngu er leyfilegt að greiða þær kröfur sem tryggja daglegan rekstur Glitnis eða þær sem nauðsynlegt er að greiða til að varðveita eignir bankans.
- Sala eigna er einungis heimil ef hún miðar að því að hámarka virði þeirra og eðlilegt verð kemur fyrir.



Yfirlit eigna og skulda

1. Inngangur og kynning á starfsemi Glitnis fyrir hrun bankakerfis
2. Atburðir til dagsins í dag
3. Yfirlit eigna og skulda
4. Ákvarðanir á greiðslustöðvunartímabilinu
5. Framtíðar stefnumörkum
6. Næstu skref
7. Fyrirspurnir

- Glitnir banki hf. fékk greiðslustöðvun í Héraðsdómi Reykjavíkur 24. nóvember 2008. Samkvæmt ákvæðum gjaldþrotalaga ber aðstoðarmanni skuldara að leggja fram tæmandi og sundurliðaða skrá um eignir og skuldbindingar, en þar skal skrá áætlað andvirði hvernar eignar og fjárhæð hvernar skuldbindingar miðað við frestdag (Reference Date) („Yfirlit eigna og skulda”)
- Frestdagur samkvæmt lögum um gjaldþrotaskipti er 15. nóvember 2008 en það er sá dagur sem lög um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki nr. 129/2208 tóku gildi. Yfirlit eigna og skulda miðast við 31. desember 2008 þar sem þær upplýsingar eru áreiðanlegri. Einnig er erfitt að nálgast upplýsingar úr fjárhagskerfum Bankans sem ekki eru miðaðar við lok uppgjörstímabils. Á tímabilinu frá 15. nóvember til 31. desember 2008 voru nánast engar eignatilfærslur eða greiðslur skulda.
- Yfirlit eigna og skulda er kynnt kröfuhöfum Glitnis á kröfuhafafundinum þann 6. febrúar 2009. Við þinghald í Héraðsdómi Reykjavíkur þann 13. febrúar 2009 verður Yfirlit eigna og skulda lagt fram.
- Yfirlit eigna og skulda var útbúið af aðstoðarmanni skuldara í samvinnu við Skilanevnd og starfsmenn Glitnis sem fengu aðstoð alþjóðlegra ráðgjafafyrirtækja þar sem það var talið nauðsynlegt. Yfirlit eigna og skulda var samþykkt af Skilanevnd Glitnis og aðstoðarmanni skuldara þann 4. febrúar 2009 til notkunar í samræmi við þetta.
- Yfirlit eigna og skulda er sett fram í ISK þar sem fjárhæðir eru umreiknaðar miðað við skráð miðgengi Seðlabanka Íslands þann 31. desember 2008. Stór hluti eigna og skulda Glitnis er í erlendum gjaldmiðlum og því geta sveiflur á gengi gjaldmiðla gagnvart krónunni haft veruleg áhrif á þau verðmæti sem tilgreind eru í Yfirlit eigna og skulda.
- Skýringar sem fylgja þessu skjali eru óaðskiljanlegur hluti Yfirlits eigna og skulda og skulu meðhöndlaðar í samræmi við það.

Yfirlit eigna og skulda



ISKma.	Skýring	Virði skv. efnahags-reikning 31.12.2008	Skulda-jöfnun	Virði skv. efnahags-reikning 31.12.2008 eftir skuldajöfnun	Áætlað verðmæti eigna og útreikningur skulda	
Eignir						
	Útlán til viðskiptavina	A	907	(460)	447	198
	Útlán til lánastofnana	B	371	(235)	136	113
	Afleiður	C	112	(40)	72	72
	Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum	D	220	(128)	92	19
	Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum	E	83	-	83	22
	Hlutir í dótturfélögum	F	183	-	183	110
	Sjóður og innstæður í Seðlabanka		26	-	26	26
	Aðrar eignir		55	-	55	25
			1,957	(864)	1,094	586 ¹
	Heildareignir án tillits til greiðslu vegna Nýja Glitnis hf.					
	Greiðsla vegna Nýja Glitnis hf.		-	-	-	422 ²
	Heildareignir		1,957	(864)	1,094	1,008
Skuldir						
	Verðbréfaútgáfa og önnur lántaka	G	(2,822)	747	(2,075)	(2,075)
	Víkjandi lán		(180)	-	(180)	(180)
	Afleiður	C	(61)	10	(51)	(51)
	Innlán		(55)	-	(55)	(55)
	Innlán frá fjármálafyrirtækjum og seðlabönkum		(31)	-	(31)	(31)
	Ábyrgðir		-	-	-	(18)
	Aðrar skuldir		(7)	-	(7)	(7)
			(3,157)	757	(2,399)	(2,417)

- Eins og fram kemur í Skýringu 2, *takmarkanir*, er töluverð óvissa í tengslum við virði eigna Bankans. Skilanefndin hefur áætlað verðmætabil eigna Bankans, áður en tekið er tillit til greiðslu frá Nýja Glitni (e. 'Total assets before instrument from New Glitnir banki hf.'). til þess að greina frá þessari óvissu. Verðmætabilið er eingöngu byggt á útlánaáættu sem notuð var við mat á útlánum (að meðöldum lánum í dótturfélögum) og afleiðueignum. Bilið er frá 445 ISKma. til 680 ISKma. Sökum mikillar óvissu og annarra þátta gæti útkoman fallið utan þessa verðmætabils.
- Ekki er vitað hvert virði Nýja Glitnis er og ekki hafa verið gerðar neinar tilraunir til að meta það í Yfirliti eigna og skulda. Það virði sem sýnt er í Yfirliti eigna og skulda er það virði sem FME gaf út þann 14. nóvember 2008.

Viðauki 2 – Eigna- / skuldayfirlit

A – Útlán til viðskiptavina



ISKma.	Virði skv. efnahagsreikning 31.12.2008	Áætlað virði
Útlán til viðskiptavina		
Virði skv. Efnahagsreikningi	907.0	
Skuldajöfnun	(460.3)	
	446.7	197.7

ISKma.	Virði skv. efnahagsreikning 31.12.2008	Áætlað virði
Útlán til viðskiptavina eftir skuldajöfnun		
Ísland		
Eignarhaldsfélög	129.1	7.6
Framleiðslufyrirtæki	11.8	5.6
Fasteignafélög	25.0	4.2
Orku- og hitaveitur	2.3	1.3
Aðrir	35.3	6.4
	203.5	25.2
Erlendir		
Fjármálastofnanir	21.7	5.3
Sjávarútvegsfyrirtæki	94.8	71.1
Eignarhaldsfélög	10.1	9.2
Framleiðslufyrirtæki	34.7	20.5
Smásöluvyrirtæki	7.3	4.5
Orku- og hitaveitur	4.0	3.0
Aðrir	70.7	58.9
	243.2	172.5
Heildarútlán til viðskiptavina	446.7	197.7

1. Áætlað virði skuldajöfnunar er 460.3 ISKma. verðmæti þessara eigna er 290 ISKma. Þessari eign er skuldajafnað á móti skuldum við sama aðila.

Viðauki 2 – Eigna- / skuldayfirlit

B – Útlán til banka



ISKma.	Virði skv. efnahagsreikning 31.12.2008	Áætlað virði
Útlán til lánastofnanna		
Virði skv. efnahagsreikningi	370.9	
Skuldajöfnun	(235.3)	
	135.7	
Nettó útlán til íslenskra lánastofnanna	22.9	-
Nettó útlán til erlendra lánastofnanna	4.7	4.7
Nettó lán til dótturfélaga eða félaga sem voru í eigu bankans	108.1	108.1
Heildar útlán til banka	135.7	112.8

1. Áætlað virði útlána, sem eru skuldajöfnuð og sýnd í töflunni hér til hliðar, eru 235 ISKma. Þessi eign hefur verið skuldajöfnuð á móti skuldum við sama aðila.

Viðauki 2 – Eigna- / skuldayfirlit

C - Afleiður



ISKma.	Áætlað virði afleiðueigna	Útreikningur afleiðuskuldum	Nettó
Afleiður			
Verðmæti skv. efnahagsreikning 31.12.2008	112.3	(61.1)	
Skuldajöfnun	(39.9)	9.9	
	72.4	(51.2)	21.2

ISKma.	Áætlað virði afleiðueigna	Útreikningur afleiðuskuldum	Nettó
Íslenskir mótaðilar			
Bankar og aðrar fjármálastofnanir	7.6	(0.8)	
Fjárfestingafélög	12.0	(15.6)	
Lífeyrissjóðir	4.5	(0.0)	
Sjávarútvegsfélög	1.2	-	
Opinberir aðilar	9.2	-	
Önnur félög	7.7	(5.8)	
Einstaklingar	0.1	(0.0)	
Heild	42.4	(22.3)	20.1
Alþjóðlegir mótaðilar			
Bankar og aðrar fjármálastofnanir	23.6	(26.1)	
Fjárfestingafélög	-	(2.6)	
Sjávarútvegsfélög	3.8	(0.0)	
Önnur félög	2.7	(0.2)	
Heild	30.0	(28.9)	1.1
	72.4	(51.2)	21.2

1. Áætlað virði afleiðueigna sem er skuldajafnað og sýnd í töflunni hér til hliðar er 39.9 ISKma. Þessi eign hefur verið skuldajöfnuð á móti skuldum við sama aðila.
2. Áætlað virði afleiðuskulda sem er skuldajafnað er 9.9 ISKma. Þessi eign hefur verið skuldajöfnuð á móti eignum við sama aðila.

ISKma.	Áætlað virði Nettó staða
Tegund afleiðu	
Vaxtaskiptasamningar	56.1
Gjaldeyrifafleiður	(31.4)
Aðrar afleiður	(3.6)
	21.2

Viðauki 2 – Eigna- / skuldayfirlit

D - Skuldabréf og markaðsskuldabréf og önnur skuldabréf með föstum tekjum

ISKma.	Virði skv. efnahagsreikni ng 31.12.2008	Áætlað virði
Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum		
Virði skv. efnahagsreikningi	220.2	
Skuldajöfnun	(128.4)	
	91.8	19.3

- Virði eigna sem er skuldajafnað er 128.4 ISKma. verðmæti þessara eigna er áætlað ISK86 ISKma. Þessi eign 86 ISKma. hefur verið skuldajöfnuð á móti skuldum.

ISKma.	Áætlað virði
Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum	
Íslensk ríkisbréf	7.6
Íslenskir bankar	2.1
Aðrir íslenskir aðilar	1.5
Erlend	8.1
	19.3

Viðauki 2 – Eigna- / skuldayfirlit

E – Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum



ISKma.	Virði skv. efnaghsreikning 31.12.2008	Áætlað virði
Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum		
Skráð		2.6
Óskráð		19.0
Samtals	83.4	21.6

- Yfir 97% af áætluðu virði hlutabréfa og annarra verðbréfa með breytilegum tekjum er háð frammistöðu alþjóðlegra fyrirtækja.

Viðauki 2 – Eigna- / skuldayfirlit

F – Fjárfestingar í dótturfélögum



ISKma.	Virði skv. eigna hagsreikning 31.12.2008	Land	Áætlað verðmæti undirliggjandi eigna
Hlutir í dótturfélögum			
Glitnir eignarhaldsfelag ehf.	0.4	Ísland	
ISB Norway AS	0.0	Noregur	
Glitnir Luxembourg	179.8	Lúxemborg	
Ruven Capital	2.5	Holland	
Samtals	182.8		110.5

Viðauki 2 – Eigna- / skuldayfirlit

G - Skuldir



ISKma.	Virði skv. efnahags- reikning 31.12.2008	Skuldajöfnun	Útreikningur skulda
Verðbréfaútgáfa og önnur lántaka			
Erlend verðbréfaútgáfa	1,735.0		
Innlend verðbréfaútgáfa	131.5		
Lán frá fjármálastofnunum	953.3		
Aðrir	2.5		
Heildar verðbréfaútgáfa og önnur lántaka	2,822.3	(747.0)	2,075.3

Viðauki 2 – Eigna- / skuldayfirlit

G - Skuldir

The logo for GLITNIR, featuring the word "GLITNIR" in white capital letters on a red rectangular background with a white wave-like graphic below the text.

ISKma.	Virði skv. efnahags- reikning 31.12.2008
Erlend verðbréfaútgáfa (fyrir skuldajöfnun)	
<i>Gjaldmiðlar</i>	
EUR	796.5
USD	630.9
GBP	87.9
CHF	74.9
AUD	47.3
CAD	22.9
JPY	20.5
Aðrir	54.1
Samtals erlend verðbréfaútgáfa	1,735.0
Innlend verðbréfaútgáfa (fyrir skuldajöfnun)	
<i>Gjaldmiðlar</i>	
ISK	131.5
Samtals verðbréfaútgáfa (fyrir skuldajöfnun)	1,866.5

Viðauki 2 – Eigna- / skuldayfirlit

G - Skuldir



ISKma.	Virði skv. efnahags- reikning 31.12.2008
Lán frá fjármálastofnunum (fyrir skuldajöfnun)	
<i>Gjaldmiðlar</i>	
EUR	774.9
USD	84.7
ISK	47.3
GBP	19.7
SEK	9.2
CHF	7.8
Other	9.7
Samtals lán frá fjármálastofnunum (fyrir skuldajöfnun)	953.3



Ákvarðanir á greiðslustöðvunartímabilinu

1. Inngangur og kynning á starfsemi Glitnis fyrir hrun bankakerfis
2. Atburðir til dagsins í dag
3. Yfirlit Eigna og Skulda
4. **Ákvarðanir á greiðslustöðvunartímabili**
5. Framtíðarstefnumörkum
6. Næstu skref
7. Fyrirspurnir

Ákvarðanir á greiðslustöðvunartíma

Inngangur

- Áhersla Skilanefndar Gamla Glitnis hefur verið að hámarka virði eigna Glitnis og tryggja að allir kröfuhafar séu meðhöndlaðir á jafnan og sanngjarnan hátt.
- Á því tímabili sem greiðslustöðvun hefur staðið hefur Skilanefndin fylgt í öllu ákvæðum gjaldprotalaga um greiðslustöðvun.
- Allar ákvarðanir á greiðslustöðvunartímabili hafa verið teknar með hagsmuni kröfuhafa að leiðarljósi.
- Eignir Glitnis hafa verið varðveittar eins og kostur er og einungis seldar í þeim tilvikum þegar það var algerlega nauðsynlegt til að hámarka virði.
- Í samræmi við þá skyldu Skilanefndar að gæta hagsmuna kröfuhafa til hins ítrasta hefur nefndin í einstak tilviki tekið ákvörðun um endurskipulagningu með því að breyta kröfum I hlutafé. Þetta hefur verið gert þegar aðrir kostir voru ekki tækir til að tryggja og hámarka verðmæti eigna. Vegna bankaleyndar er ekki unnt að tilgreina tiltekin félög í þessu sambandi.

Ákvarðanir á greiðslustöðvunartímanum

Glitnir Lúxemborg



- Glitnir Lúxemborg fór í greiðslustöðvun um miðjan október 2008.
- Í framhaldi viðræðna Gamli Glitnis, Seðlabankans í Lúxemborg, Evrópska Seðlabankans og ráðgjafa Glitnis í Lúxemborg var komist að samkomulagi um fjárhagslega endurskipulagningu Glitnis Lúxemborg. Hún fólst m.a. í því að Gamli Glitnir breytti kröfum sínum í hlutafé til að forða Glitni Lúxemborg frá því að vera tekinn til gjaldþrotaskipta. Ef þetta hefði ekki verið gert hefði það leitt til gjaldþrots bankans.
- Með því að hafa tækifæri til að selja eignir á löngum tíma telur Skilanefndin að kröfuhafar muni fá meira upp í kröfur sínar en ef Glitnir Lúxemborg hefði verið tekinn til gjaldþrotaskipta og eignir seldar á “brunaútsölu”. Ef ekki hefði verið gripið til þessara ráðstafana hefðu hagsmunir kröfuhafa skaðast auk þess sem ákveðnar skuldbindingar hefðu fallið á Gamla Glitni.



Framtíðarstefnumörkun

1. Inngangur og kynning á starfsemi Glitnis fyrir hrun bankakerfis
2. Atburðir til dagsins í dag
3. Yfirlit Eigna og Skulda
4. Ákvarðanir á greiðslustöðvunartímabilinu
- 5. Framtíðarstefnumörkun**
6. Næstu skref
7. Fyrirspurnir

Framtíðarstefnumörkun

Skref fram á við

- Að mati Skilanevndar og aðstoðarmanns skuldara koma þrjár leiðir til greina::
 - Gjaldþrot
 - Framlenging á greiðslustöðvun: eða
 - nauðasamningar.

Gjaldþrot

- Það er skoðun aðstoðarmanns skuldara og Skilanevndar að gjaldþrot myndi skaða hagsmuni kröfuhafa. Við núverandi markaðstæður myndi sala eigna ekki tryggja bestu niðurstöðu fyrir kröfuhafa.
- Fyrirtæki í gjaldþrotameðferð hefur ekki möguleika eða tíma til að hámarka virði eigna.

Framlenging á greiðslustöðvun

- Í greiðslustöðvun getur Glitnir varið eignasafn sitt til þess að tryggja meira virði eigna.
- Greiðslustöðvun tryggir að Glitnir getur gefið sér tíma til að selja eignir og hámarka verðmæti þeirra.
 - Lykilstarfsfólk hefur verið ráðið til Glitnis. Framkvæmdastjóri sem hefur yfirumsjón með daglegum rekstri, lögfræðingur, 6 lánastjórar og 2 sérfræðingar til að tryggja varðveislu lánasafnsins ásamt fleiri starfsmönnum.
 - Formlegur lánaferill hefur verið innleiddur. Lánanefnd skipuð tveimur meðlimum Skilanevndar og framkvæmdastjóra Glitnis sem fer yfir lánamál þar sem heildarskuldbinding aðila (og tengdra aðila) er undir 5 m.a.ISK. Skilanevndin tekur ákvörðun þegar heildarskuldbinding er yfir 5 m.a. ISK. Lánamál eru metin á faglegum grunni og allar ákvarðanir skjalfestar.
 - Gerður hefur verið þjónustusamningur við Nýja Glitni um upplýsingatækni, bakvinnslu og aðra stoðþjónustu.

Framtíðarstefnumörkun

Skref fram á við

- Í greiðslustöðvun getur Bankinn einnig haldið bankaleyfi sínu og haldið áfram með nauðsynlega starfsemi til að tryggja hámarks virði til kröfuhafa.
- Áform Skilanefndar og aðstoðarmanns er að skoða viðeigandi aðferðir til að tryggja umsýslu eigna Glitnis og mögulegar leiðir úr greiðslustöðvun sem hámarka endurgreiðslur til kröfuhafa.
- Skilanefndin hefur ráðið UBS Securities LLC sem fjármálaráðgjafa til aðstoðar á eftirfarandi sviðum:
 - greina mögulegar útfærslur á skuldaskilum milli Nýja og Gamla Glitnis
 - yfirfara og greina rekstrarform Glitnis á næstu árum; og
 - veita ráðgjöf sem miðar að hámarka virði eigna Glitnis.
- Ef greiðslustöðvun er framlengd getur skilanefndin haldið áfram starfi sínu með UBS og öðrum ráðgjöfum til að tryggja hagsmuni kröfuhafa þ.m.t. undirbúning mögulegra nauðasamninga.

Nauðasamningar

- Nauðasamningar samkvæmt gjaldprotalögum veita Glitni möguleika á að ná samkomulagi við kröfuhafa og komast með því hjá gjaldproti.
- Til að nauðasamningar komist á þarf ákveðið hlutfall að samþykkja þá formlega.

Skoðun aðstoðarmanns og Skilanefndar

- Skilanefnd og aðstoðarmaður hafa þá skoðun að hagsmunum kröfuhafa sé best borgið með því að sækja um framlengingu á greiðslustöðvun. Ákveðið hefur verið að sækja um framlengingu við fyrirtöku málsins í Héraðsdómi Reykjavíkur 13. febrúar n.k kl. 13.30.



Næstu skref

1. Inngangur og kynning á starfsemi Glitnis fyrir hrun bankakerfis
2. Atburðir til dagsins í dag
3. Yfirlit Eigna og Skulda
4. Ákvarðanir á greiðslustöðvunartímabilinu
5. Framtíðarstefnumörkum
6. Næstu skref
7. Fyrirspurnir

Næstu skref

Næstu skref

Kröfuhafafundur	6. febrúar 2009
Þinghald í Héraðsdómi Reykjavíkur - Beiðni um framlengingu á greiðslustöðvun	13. febrúar 2009
Samkomulag um eignarhald/skuldaskil Nýja Glitnis	Vor 2009
Undirbúningur nauðasamninga	Frá febrúar 2009



Fyrirspurnir

1. Inngangur og kynning á starfsemi Glitnis fyrir hrun bankakerfis
2. Atburðir til dagsins í dag
3. Yfirlit eigna og skulda
4. Ákvarðanir á greiðslustöðvunartímabilinu
5. Framtíðarstefnumörkum
6. Næstu skref
7. Fyrirspurnir

Fyrirspurnir

- Kröfuhafar eiga rétt á að spyrja aðstoðarmann skuldara og Skilaneftndina spurninga sem tengjast greiðslustöðvuninni eða bera fram tillögur um aðgerðir.
- Kröfuhafar eru vinsamlegast beðnir um tilkynna skipuleggjanda fundarins vilji þeir taka til máls. Fyrirspurnir skal bera fram í ræðustól.
- Allar spurningar og svör verða skráð.